

Þróunarsjóður grunnskóla Garðabæjar

Lokaskýrsla

Heiti verkefnis: **Samskiptahæfni og félagsfærni - þróunarverkefni**

Samkennd og vellíðan

Styrkþegi: Flataskóli

Verkefnisstjórar: Íris Björk Baldursdóttir, Margrét Tómasdóttir og Sif Backman

Tímabil þróunarverkefnis: Ágúst 2019 – Maí 2020

Samskiptahæfni og félagsfærni - þróunarverkefni

Samkennd og vellíðan

Markmið	<p><u>Yfir markmið:</u> Bæta samskiptahæfni og samkennd nemenda með því að breyta umsjónarhópum reglulega yfir veturinn. Víðsýni eykst og fjölbreytileiki í samskiptum verður meiri. Möguleiki að jafna álag í nemendahópnum/árgangnum.</p> <p><u>Markmið nemenda:</u> Að nemendur kynnist fleiri samnemendum og sýni umburðarlyndi. Auka öryggi nemenda í mismunandi námsaðstæðum. Minnka lýkur á árekstrum. Þannig stuðlum við að aukinni samkennd og vellíðan.</p> <p><u>Markmið kennara:</u> Að kynnast öllum nemendum í árganginum vel. Deila ábyrgð á námi alls árgangsins. Jafna álag í hópum og þannig koma í veg fyrir að hópar verði misþungir námslega og félagslega. Auka gæði í samskiptum við nemendur og foreldra þar sem aukið val er fyrir hendi.</p>
Samskiptahæfni og félagsfærni	<ul style="list-style-type: none">• Félagsleg samskipti• Umburðarlyndi eykst• Fleiri vinir og vinasambönd• Enginn einn foringi – „goggunarröð“ ekki eins áberandi• Meiri fjölbreytileiki fyrir nemendur, kynnast bæði fleiri nemendum og starfsmönnum/kennurum• Auðveldar foreldrasamskipti• Ábyrgð deilist á fleiri kennara

	<ul style="list-style-type: none"> • Auðveldara að jafna álag í hópum • Starfsmenn kynnst nemendum og foreldrum betur • Meiri sveigjanleiki til að koma til móts við nemendur og foreldra
Framvinda verkefnisins	<ul style="list-style-type: none"> • Hugmyndafræðin/verkefnið kynnt fyrir foreldrum • Innleiðing á hugmyndafræðinni fyrir yngsta stigi skólans • Nemendum skipt í 3 hópa og kennsla hefst í byrjun skólaárs • Á 6-8 vikna fresti yfir skólaárið er nemendahópnum stokkað upp þannig að þrír nýir hópar myndast • Kennarar undirbúa foreldraviðtöl í sameiningu og geta foreldrar valið hjá hvaða kennara þeir bóka viðtal • Agavandamál, námserfiðleikar og greiningarathuganir taka kennarar sameiginlega á. Faglegra er þegar fleiri en einn koma að slíkri vinnu • Regluleg viðtöl og fundir með yngsta stigi til ráðgjafar
Ávinningur	Verkefninu er ætlað að efla nemendur, gera þá sjálfstæðari og virkari í samskiptum. Þannig tryggjum við vellíðan nemenda og aukið öryggi. Nemendur eiga auðveldara með að kljást við mismunandi verkefni í ólíkum aðstæðum.
Nýjungar	Nemendur eiga fleiri en einn umsjónakennara sem eykur fjölbreytni bæði í kennsluháttum og samskiptum. Nemendur tilheyra stærri hóp og eru því möguleikar á tengslum meiri.
Þátttakendur	Umsjónakennarar og nemendur.
Ráðgjafar og tengiliðir	Kennarar á yngsta stigi í Lindaskóla og Rimaskóla.
Verkefnastjóri	Íris Björk Baldursdóttir, Margrét Tómasdóttir og Sif Bachmann.
Hlutverk kennara	Útfæra vinnuna og samþætta starfið. Góð samvinna kennara er mjög mikilvægur þáttur í verkefninu en þannig ná kennararnir heildarsýn yfir árganginn námslega og félagslega.
Mat	Send verður athugun til foreldra og þeir beðnir um álit á fyrirkomulaginu í lok skólaárs. Kennarar yngsta stigs skila inn mati á verkefninu/innleiðingunni í lok skólaárs.
Lokamat í maí 2020	Verkefnið er nú starfrækt í öllum árgöngum skólans. Þessi breyting á hópaskiptingum hefur gengið mjög vel í Flataskóla og almenn ánægja ríkir með framkvæmd þess. Umsjónarmenn verkefnisins gerðu könnun bæði meðal kennara og foreldra. Fyrirkomulagið var kynnt fyrir foreldrum s.l. haust og gefin út bæklingur með lýsingu á því. Skólastjóri kynnti verkefnið hjá foreldrum barna sem eru að hefja nám í 1.bekk haust 2020. Nú er innleiðingarferli lokið og stefnan er að halda ótrauð áfram með verkefnið enda eru allir hlutaðeigandi einkar ánægðir með það og framvindu mála.

